

Útdráttur

Eftirfarandi ritgerð er unnin sem lokaverkefni til B.Ed. – prófs við kennaradeild Háskólans á Akureyri vorið 2004.

Lokaverkefnið skiptist í megindráttum í tvo hluta. Fyrri hlutinn er fræðileg umfjöllun um mat á skólastarfi og sjálfsmat í grunnskólum á Íslandi. Síðari hlutinn fjallar um rannsókn sem gerð var um viðhorf til sjálfsmats grunnskóla. Rannsóknin var eigindleg og náði til þriggja skóla sem voru ólíkir hvað varðar stærð og umhverfi. Tekin voru viðtöl við stjórnendur skólanna og einn kennara af hverju stig skólanna.

Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna viðhorf skólastjórna og kennara til sjálfsmats grunnskóla og hvort viðmælendur litu á sjálfsmat sem hvata til umbóta eða kvöð fyrir þá sem starfsmenn. Kannað var hvort tengsl væru milli viðhorfa skólastjórna og kennara, og hvort stærð og umhverfi skólanna væru áhrifaþættir varðandi viðhorf til sjálfsmats. Einnig var kannað hvort skólarnir nýttu sér fyrirliggjandi gögn við sjálfsmatsvinnuna í einhverjum mæli.

Meginniðurstaða er sú að almennt virðist ríkja jákvætt viðhorf meðal kennara og skólastjóra til sjálfsmats sem slíks og það talið geta verið hvati til umbóta. Hins vegar virðist almennt vera neikvætt viðhorf gagnvart sjálfsmatsvinnunni sem slíkri og virðist hún vera kvöð á starfsfólki. Tengsl virðast vera milli viðhorfa skólastjórna og kennara í hverjum skóla. Stærð og umhverfi skólanna virðist hafa áhrif á viðhorf til sjálfsmats og einn skólanna virðist nýta sér fyrirliggjandi gögn í markvissum mæli við sjálfsmat. Skortur virðist vera á ráðgjöf varðandi sjálfsmat og ekki virðist vera litið á sjálfsmat grunnskóla sem eðlilegan þátt af faglegu skólastarfi.

Rannsakendur telja að aukin ráðgjöf, markviss og jákvæð forysta ásamt styðjandi stofnanabragi séu meginforsendur þess að sjálfsmat geti orðið eðlilegur þáttur faglegs skólastarfs í skólunum þremur og að starfendarannsóknir geti verið hagnýt leið við sjálfsmat í skólunum.

Abstract

The following assignment is done as a final essay for a B.Ed. – degree at the University of Akureyri, spring 2004.

The essay is divided in two main parts. The first one is a theoretic discussion about evaluation in schools and self-evaluation in primary schools in Iceland. The latter part is about a research which was made to look into opinions towards self-evaluation in primary schools. The research was qualitative and covered three different primary schools regarding size and location. Principals and one teacher from each of the three school levels were interviewed.

The purpose of the research was to look into opinion of principals, and teachers towards self-evaluation in primary schools and whether the interlocutors regard self-evaluation in primary schools as stimulus for reforms or as onus for them as employees. Relations between the opinions of principals and teachers in each school were looked into and also whether the size and the environment of the schools would affect the opinions of self-evaluation. Whether schools use off-the-shelf data in self-evaluation was also looked into.

The main conclusion is that the interlocutors seem to have rather positive opinions towards self-evaluation and seem to regard it as stimulus for reforms. However, there seems to be rather negative opinions towards the work of self-evaluation and it seems to be regarded as onus for the employees. There seems to be relations between the opinions of the principals and the teachers in each school. The size and the environment of the schools seem to have effects on the sentiments towards self-evaluation. One of the schools seems to use off-the-shelf data in self-evaluation. Furthermore, there seems to be a lack of counselling concerning self-evaluation in primary schools and it seems as the self-evaluation in primary schools is not regarded as a natural part of the professional school work.

The researchers consider that more counselling, systematic and positive leadership along with supportive institutional culture, are the main premises so that self-evaluation can become a natural part of the professional work in the three schools and that action research can be a practical way in self-evaluation in the schools.